

Aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna 2014-2017

Byggð á Menningarstefnu 2013



31. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

1. Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómsunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.

2. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómsundaiðju.

(Barnaheill, Umboðsmaður barna, Námsgagnastofnun, 2012)

Efnisyfirlit

1. Formáli	4
Starfshópurinn	4
Ráðgjöf og yfirlstur	4
Grunntillögur í aðgerðaáætluninni	5
2. Aðgerðaáætlun	6
A: Menningarpoki	6
Markmið	6
Lýsing	7
Undirbúningur	7
Val verkefna	8
Endurmat og þróun	8
Rökstuðningur	9
Aðgerðir	10
B: Samráðsvettvangur menningarstofnana um menningu barna og ungmenna	11
Markmið	11
Lýsing	11
Hugmyndabanki	12
Rökstuðningur	12
Aðgerðir	13
C: Aðrar aðgerðir	14
I - Menningarþátttaka	14
II - Lifandi menningarstofnanir	15
III - Samvinna í menningarmálum	16
IV - Ísland í alþjóðasamhengi	17
V Starfsumhverfi í menningarmálum	18
VI Stafræn menning	19
5. Niðurlag	20
6. Heimildaskrá	20

1. Formáli

Í ágúst 2013 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneytið starfshóp til þess að gera tillögur um aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna á grundvelli nýrrar menningarstefnu, samþykktri á Alþingi 6. mars 2013 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Menningarstefnan lýsir aðkomu ríkis að lista- og menningararfi landsins og íbúum þess og er vonast til að hún verði „...hvatning þeim fjölmörgu aðilum, sem vinna á sviði íslenskrar menningar, til að vanda til verka og horfa til framtíðar við ákvarðanir og áætlanagerð.“

Eitt af fjórum meginmarkmiðum menningarstefnunnar er „þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu“ og hlutverk þessarar aðgerðaáætlunar er að fylgja því eftir. Þá er lögð áhersla á sköpun, listir og virka þátttöku í menningarlífi í nýjum aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011), sem einnig voru hafðar til hliðsjónar við gerð aðgerðaáætlunarinnar.

Starfshópurinn

Fastir meðlimir starfshópsins voru: Elfa Lilja Gísladóttir (formaður, ráðherraskipuð), Agnar Jón Egilsson (fulltrúi BÍL), Jóhanna M. Hjartadóttir (fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga) og Vigdís Jakobsdóttir (ráðherraskipuð). Að starfi hópsins á mismunandi tímum komu einnig: Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti), Erna Árnadóttir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti) og Valgerður Þórunn Bjarnadóttir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti).

Ráðgjöf og yfirlestur

Við undirbúning þessarar aðgerðaáætlunar var breitt samráð haft bæði við fulltrúa listafólks, listastofnana og opinberra aðila. Athugasemdir og ráðgjöf þessa fólks voru mikill stuðningur í ferlinu og kann starfshópurinn þeim bestu þakkir fyrir. Meðal þeirra sem lásu yfir voru:

Harpa Rut Hilmarsdóttir verkefnastjóri barnamenningar í Reykjavík
Héðinn Sveinbjörnsson, Fjármálastjóri Frostaskjól og verkefnastjóri Skrekks
Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, sérfræðingur, Listasafni Íslands
Kristín Valsdóttir, deildarforseti listkennsludeildar Listaháskóla Íslands.
Kolbrún Halldórsdóttir, forseti Bandalags íslenskra listamanna
Ragnar Bragason kvikmyndaleikstjóri
Rakel Pétursdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar, Listasafni Íslands
Sigfríður Björnsdóttir deildarstjóri listfræðslu skóla og frístundasviðs Reykjavíkur
Signý Pálsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar.

Grunntillögur í aðgerðaáætluninni

Aðgerðaáætluninni er skipt í þrjú kafla, A, B og C. Í köflum A og B er lýst ítarlega tveimur verkefnum sem starfshópurinn leggur til; *Menningarpokanum* annars vegar og *samráðsvettvangi menningarstofnana um menningu barna og ungmenna* hins vegar. Í kafla C er yfirlit yfir aðgerðir sem ekki tengjast Menningarpoka eða samráðsvettvangi.

Tölur innan sviga, sbr. (V.2) vísa í þau markmið Menningarstefnu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013) sem viðkomandi aðgerð byggir á.

2. Aðgerðaáætlun

A: Menningarpoki

Starfshópurinn leggur til að án tafar verði settur á laggirnar *Menningarpoki*¹ að norrænni fyrirmynd og honum tryggt fjármagn á fjárlögum.

Verkefni af þessum toga hefur um langa hríð verið í umræðunni og í þróun meðal listafólks og í stjórnáslunni.²

Menningarpokinn myndi standa að og halda utan um vandaða listviðburði sem skólum um land allt býðst að kaupa inn á viðráðanlegu verði. Megintilgangur Menningarpoka er að jafna aðgengi barna og ungmenna að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Til að byrja með yrði Menningarpoki fyrst og fremst hugsaður fyrir grunnskólaaldur.

Vanda þarf vel til undirbúnings verkefnisins og hafa samráð við hagsmunaaðila, s.s. sveitarfélög, menningarráð, skóla, listgreinakennara, listamenn, börn og ungmenni.

Undirbúningsvinna skal fara fram haustið 2014 þannig að hægt verði að leggja til fjármagn og hefja verkefnið árið 2015.

Markmið

- Að tryggja að öll börn og ungmenni á Íslandi fái aðgang að menningu í hæsta gæðaflokki óháð búsetu og efnahag.
- Að auka framboð vandaðra og fjölbreyttra listviðburða fyrir börn og ungmenni.
- Að styrkja vitund barna og ungmenna um menningararf og auka læsi þeirra á eigin menningu.
- Að skapa börnum og listafólki vettvang til beinna samskipta og auðga þannig bæði skóla- og listalíf landsins.
- Að auka fjölbreytni í skólastarfi og styrkja listfræðslu í skólum.
- Að hvetja listafólk til þess að skapa list sem höfðar til barna og ungmenna á mismunandi aldri og með ólíkan bakgrunn og áhugasvið.³

¹ Nafnið „Menningarpoki“ verður notað sem vinnuheiti á verkefnið hér í skýrslunni en fleiri nöfn koma til greina, s.s. „Listakista/n“, „Listalaupur/inn“ og „Listasekkurinn“.

² Má þar til dæmis nefna að Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) stóð árið 2009 að þróunarverkefninu *Litróf listanna* þar sem boðið var upp á „verkefnatengda listviðburði“ í skólum í Reykjavík. (Bandalag íslenskra listamanna, 2009).

³ Í Danmörku og víðar er talað um að skapa list „í augnhæð“ við börn og ungmenni. Er þar átt við list sem sköpuð er með aldur markhópsins sérstaklega í huga, án þess að talað sé niður til hans.

Lýsing

Menningarpokinn yrði verkefni á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis og fjármagnaður af ríkinu og í samvinnu við listamenn, grunnskóla, menningarráð, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög.

Menningarráð á landsbyggðinni og menningarfulltrúar þeirra ættu að gegna lykilhlutverki við stjórnun verkefnisins, ekki síst þar sem sterkar menningarstofnanir eru fyrir. Í norska *Skolesekken* (Kulturrádet, 2013) er nokkuð mismunandi milli svæða hversu mikil stjórnun fer fram í heimabyggð. Vel mætti hugsa sér að sambærilegur sveigjanleiki væri í íslenska verkefninu. Skoða þarf aðkomu Reykjavíkurborgar að verkefninu sérstaklega, enda er hugmynd um menningarpoka orðuð í aðgerðaáætlun sem fylgir nýrri menningarstefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn 26. maí 2014 (Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar, 2014) og er á fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

Finna þarf heppilegt rekstrarform fyrir verkefnið sem fyrst. Ljóst er þó að Menningarpokinn mun þurfa eigin starfsmann til þess að halda utan um bæði endanlega stefnumótun og framkvæmd.

Viðburðir í Menningarpoka skulu ekki kosta meira fyrir skóla á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. (I.2.)⁴ Í gegnum *Menningarpokann* sé tryggt að allir nemendur fái notið eða tækifæri til að taka þátt í faglega unnum listviðburðum á sinni skólagöngu og enginn sé þar undanskilinn. (I.4) Til lengri tíma litið skal stefnt að því að hver grunnskólanemi fái notið að minnsta kosti eins viðburðar í gegnum Menningarpokann á ári. Til samanburðar má nefna að í Finnlandi er viðmiðið að hver grunnskólanemi sækir að minnsta kosti tvo menningarviðburði á ári (Art Promotion Centre Finland, 2012).

Skoða þarf möguleika á því að búa til sérverkefni innan Menningarpokans sem eru beinar mótvægisáðgerðir fyrir skóla og svæði þar sem framboð á menningarviðburðum er minna. (III.4.)

Æskilegast er að um verði að ræða fast netfang í hverjum skóla (t.d. *menningartengill@xxskoli.is*) sem ákveðinn starfsmaður hverju sinni hefur umsjón með. Menningarpoki sem og menningarstofnanir fá þannig greiðan farveg til miðlunar upplýsinga inn í skólana (I.2. og III.4).

Undirbúningur

Stofnaður verði nú þegar undirbúningshópur sem starfsmaður Menningarpokans heldur utan um. Í hópnum eiga sæti fulltrúi BÍL, sameiginlegur fulltrúi menningar- og ferðamálaráðs og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, menningarfulltrúi menningarráðs af landsbyggðinni og einn fulltrúi sveitarfélaga sem starfar innan grunnskóla.

⁴ Tölur í svigum vísa til kafla og markmiða Menningarstefnu.

Hlutverk hópsins er að móta stefnu og rekstrarfyrirkomulag Menningarpokans.

Aðkoma barna og ungmenna er afar mikilvæg og verður leitað til þeirra við undirbúning verkefnisins, enda hefur reynsla Norðmanna af sambærilegu verkefni sýnt fram á að slíkt sé eftirsóknarvert (Collard, 2013).

Sjá nánar um undirbúning í meðfylgjandi lista yfir aðgerðir fyrir Menningarpoka.

Val verkefna

Fagleg úthlutunarnefnd/valnefnd mun þurfa að koma að verkefninu en mikilvægt er einnig að börn og ungmenni hafi aðkomu að vali efnis í Menningarpokann. Í Menningarpokanum er mikilvægt að vinna með hin ýmsu birtingarform lista og menningar með sérstaka áherslu á strauma og stefnur í menningu barna og ungmenna. Fjölbreytni sé þannig ætíð höfð að leiðarljósi. (I.1.)

Vel má hugsa sér ólíkar áherslur í Menningarpokanum, s.s. tilbúin verkefni, listviðburði sem sérstaklega eru studd af Menningarpokanum, vinnusmiðjur, samstarf eins listamanns í skóla til skemmri eða lengri tíma og samstarf skóla við ólíkar mennta- og menningarstofanir. Undirbúningshópur mun vinna að nánari útfærslu og áherslum Menningarpokans.

Verkefnið styrkir eða pantar ákveðinn fjölda listviðburða (tónleika, danssýningar, leiksýningar o.s.frv.) sem skólum um land allt stæði til boða að kaupa. Verkefnið er hugsað sem hrein viðbót við þá menningarflóru sem þegar er til staðar en mun einnig þjóna sem upplýsingaveita um listviðburði sem áður áttu e.t.v. ekki greiðan farveg inn í skólana.

Mikilvægt er að tryggja gæði og fjölbreytni þess efnis sem fær pláss í Menningarpokanum þrátt fyrir takmarkaða stærð verkefnisins. Tryggja þarf samfellu í verkefnið, þannig að það geti orðið sjálfsögðum hluta skólastarfs á meðan skólaskylda varir.

Endurmat og þróun

Mikilvægt er að halda vel utan um reynslu framkvæmdaaðila, listafólks, kennara og barna af verkefninu til þess að tryggja að reynslan næri framkvæmdina og móti verkefnið.

Huga þarf að því að viðburðir Menningarpokans skilji sem mest eftir sig í hverju skólasamfélagi. Þetta má styrkja m.a. með fylgigögnum, námsefni tengdu viðburðunum, upptökum eða öðru stafrænu efni. (VI) Gera þarf ráð fyrir þessari eftirfylgni viðburða við gerð fjárhagsáætlunar Menningarpokans.

Rökstuðningur

Starfshópurinn telur Menningarpokann uppfylla vel margar af helstu áherslum sem fram koma í Menningarstefnu s.s. aðgengi að menningu fyrir alla þjóðfélagshópa óháð búsetu og efnahag (I.2), fjölbreytni í framboði á menningu (I.1), menningarlausni (III.3), samstarf listamanna og skóla (III.4) og virka þátttöku barna og ungmenna í listum og menningu (I.5.).

Örfáir listgreinakennarar starfa í hverjum skóla og sjaldnast fleiri en einn í hverri grein. Menningarpokinn gæfi þeim tækifæri til samtals og samvinnu við aðra listkennara og listamenn. Reglulegar heimsóknir listafólks og sérfræðinga á sviði lista í skóla geta nært og styrkt starf listgreinakennara og auðgað skólasamfélagið í heild. (III.4)

Góð reynsla er komin af sambærilegum verkefnum erlendis. Fyrirmynd að menningarpoka má t.d. finna hjá Norðmönnum; *Den kulturelle skolesekken* (Kulturrådet, 2013) sem á rætur sínar að rekja allt aftur til ársins 1996 en hefur verið rekinn í núverandi mynd frá árinu 2001. Danir hafa frá 2004 verið að byggja upp sambærilegt verkefni sem heitir *Den Kulturelle Rygsæk* (Haugsted & Holten Ingerslev, 2006) og annað frá árinu 2009 sem gengur undir nafninu *Kulturpakker* (Kulturpakker, 2014). Færeyingar skrifuðu svo undir samstarfssamning um sína útgáfu af verkefninu; *Listaleyapurin* árið 2010 (Norðurlandahúsið í Færeyjum, 2014). Mikilvægt er að sækja í þennan reynslubrunn nágrannalanda okkar við undibúning verkefnis hér á landi en laga það engu að síður að íslenskum aðstæðum.

Tónlist fyrir alla er vel heppnað íslenskt verkefni sem hefur verið rekið allt frá árinu 1994 með stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytis. Mikilvægt er einnig að byggja á þeirri reynslu og þekkingargrunni við undirbúning og framkvæmd Menningarpokans.

Menningarpokinn mun án efa reynast hvarning til listamanna að skapa fleiri og fjölbreyttari listviðburði fyrir börn og ungmenni og þannig munu gæði aukast og fjölbreytni verkefna þróast.

Aðgerðir

Númer vísa í kafla og einstök markmið Menningarstefnu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013) eftir því sem við á.

Aðgerð:	Ábyrgð	Tími
Undirbúningshópur Menningarpoka skipaður og tekur til starfa.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samstarfi við Reykjavíkurborg, menningarráð sveitarfélaga, BÍL og skóla.	2014
Undirbúningshópur skilar af sér stefnu og ítarlegri verkáætlun fyrir Menningarpoka.	Undirbúningshópur Menningarpoka.	2014-2015
Setja <i>Menningarpoka</i> formlega á laggirnar, ráða verkefnisstjóra og tryggja fjármagn. (I.3)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	2014-2015
Skipa stjórn Menningarpoka skv. tillögu og verkáætlun undirbúningshóps.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti (o.fl.?)	2015
Menningartengli verði komið á innan hvers grunnskóla með samræmdu netfangi (t.d.: menningartengill@xxskóli) svo liðka megi til fyrir samskiptum við skólana. ⁵	Menningarpoki, stjórnendur grunnskóla.	2015-2016
Skoða hvort og hvernig verkefni <i>Skáld í skólum</i> (nú í umsjón Rithöfundasambandsins) og <i>Tónlist fyrir alla</i> falli undir Menningarpoka.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Undirbúningshópur menningarpoka, Rithöfundasambandið og Tónlist fyrir alla	2014-2015
Skipa faglega valnefnd fyrir Menningarpoka	Stjórn Menningarpoka	2015
Setja saman teymi barna og ungmenna sem hefur aðkomu að vali verkefna í Menningarpokann. ⁶	Menningarpoki	2015
Kanna möguleika á því að sækja fjárhagslegan stuðning úr einkageiranum í einstök verkefni Menningarpokans. (III.5.)	Menningarpoki	2016-2017

⁵ Dæmi um útfærslu á hlutverki menningartengla má finna á heimasíðu danska verkefnisins Kulturpakker. (Kulturpakker, 2014)

⁶ Fyrirmyndir má hér einnig sækja til nágrannalanda t.d. í verkefnum *Kulturcrew* í Danmörku (Møller, 2014) og *KultArr* Noregi (Norsk Kulturskoleråd, 2011).

B: Samráðsvettvangur menningarstofnana um menningu barna og ungmenna

Starfshópurinn leggur til að mennta- og menningarmálaráðuneyti hafi haustið 2014 frumkvæði að því að leiðandi ríkisreknar menningarstofnanir á sviði lista (s.s. Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Listasafn Íslands, Kvikmyndamiðstöð Íslands o.s.frv.) myndi með sér *formlegan faglegan samráðsvettvang þar sem menning fyrir börn og ungmenni er til umfjöllunar*. Hver stofnun tilnefnir einn fulltrúa í hópinn, sem fundar tvisvar á ári.

Markmið

- İ Að vera vettvangur umræðu um menningu barna og ungmenna hjá menningarstofnunum á landsvísu þar sem saman koma fagaðilar frá hverri stofnun (t.d. fræðslufulltrúar og/eða umsjónarmenn barnastarfs).
- İ Að veita menningarstofnunum jákvæðan stuðning við eigin stefnumótun og framkvæmd á starfi fyrir börn og ungt fólk.
- İ Að auka sýnileika og vægi starfs fyrir börn og ungmenni hjá ríkisreknur menningarstofnunum.
- İ Að auka fagmennsku á sviði lista og menningar sem hugsuð er fyrir börn og ungmenni eða unnin í samstarfi við þau.

Lýsing

Hópurinn er kallaður saman af ráðuneyti til fyrsta fundar. Fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis situr fundi hópsins. Stofnanir skiptast á að leiða og hýsa fundi, sem haldnir eru snemma að hausti og snemma að vori ár hvert.

Mikilvægt er að þeir sem sitji í hópnum séu þeir starfsmenn sem beri ábyrgð á umsjón starfs fyrir börn og ungt fólk innan hverrar stofnunar.

Hópurinn mótar starf sitt sjálfur með því að setja sér markmið og reglur um verklag. Hann verður þó beðinn um að hafa beina aðkomu að skipulagi málþings sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur fyrir árið 2016 um stöðu menningar fyrir börn og ungmenni.

Hugmyndabanki

Mikilvægt er að hópurinn móti sína eigin stefnu og samstarf. Þó verða hér talin upp nokkur dæmi um möguleg verkefni fyrir hópinn, sem eru hugsuð sem hugmyndabanki frekar en bein fyriræli.

- Móta leiðarljós fyrir barnamenningarstefnu sem opinberar menningarstofnanir geta nýtt sér til þess að byggja á.
- Fá erlenda gesti til þess að kynna þróun og uppbyggingu farsælla barnamenningarverkefna í sínu heimalandi. („Fyrirmyndarverkefni“)
- Þróa sameiginleg átaksverkefni menningarstofnana. (Dæmi: Samstarf um afslætti fyrir barnafjölskyldur og/eða ungmenni, sameiginlegar umsóknir um erlenda styrki fyrir barnaverkefni, skipulag ráðstefna/málþinga, frumkvæði að rannsóknnum á sviði barnamenningar, úttektir, námskeiðahald fyrir starfsfólk o.fl.)
- Samtöl við rýnihópa barna og ungmenna. (I.5.)
- Samtöl við kennara og skólastjórnendur. (Hvernig geta stofnanirnar bætt fræðslu, þjónustu og samstarf við skólana, öllum til góða?)
- Samtöl við menningarráð landsbyggðarinnar til þess að meta og þróa hugmyndir um hvernig stofnanirnar geti betur þjónað börnum og ungmennum um land allt og aukið aðgengi þeirra að menningarstofnunum.
- Skoða möguleika á beinu samstarfi við menningarstofnanir Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélga um verkefni fyrir börn og ungmenni.
- Skoða möguleika á samstarfi um kynningu á fræðslustarfi stofnananna.
- Kortlagning á menningu fyrir, eftir og með börnum og ungmennum hjá stofnunum:
 - Hversu mikið er þegar verið að gera og hversu miklum fjármunum er varið í það starf?
 - Nær kynning á starfi stofnananna til barna og ungmenna?
 - Hvaða þjóðfélagshópar sækja þessa viðburði?
 - Ná stofnanirnar til allra aldurshópa og beggja kynja?
 - Er nægileg fjölbreytni í verkefnavali fyrir yngri gesti stofnananna?
 - Hvernig má tryggja betur aðkomu barna og ungmenna að ákvarðanatöku í stofnunum.

Rökstuðningur

Þó menningarstofnanir séu að vissu leyti í nokkurri samkeppni innbyrðis eru mörg góð rök fyrir því að stofnanirnar eigi virkt samtal sín í milli um starf sitt með börnum og ungu fólki.

Fræðslufulltrúar og tengiliðir við skóla starfa oft mjög einangrað innan sinna stofnana. Samráðshópurinn getur skapað dýrmæt tækifæri fyrir þessa aðila til þess að miðla af eigin reynslu og læra af reynslu annarra.

Vettvangur til samtals og samráðs milli leiðandi menningarstofnana á landsvísu skapar jákvæðan þrýsting á stofnanirnar að setja starf sitt fyrir börn og ungmenni í brennidepil. Samanburður innbyrðis og við sambærilegar erlendar stofnanir getur bæði verið

uppbyggjandi og hvetjandi. Samtal getur einnig leitt af sér nýjar hugmyndir og samstarfsmöguleika.

Afar mikilvægt er að samráðshópurinn móti starf sitt og áherslur sjálfur. Fundir hópsins geta veitt yfirvöldum mikilvægar upplýsingar um stöðu mála hvað varðar þjónustu við börn og ungmenni í menningarstofnunum landsins.

Aðgerðir

Aðgerð:	Ábyrgð	Tími
Boða fyrsta fund Samráðshóps menningarstofnana um menningu barna og ungmenna.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	2015
Samráðshópurinn setur sér markmið til tveggja ára.	Samráðshópur menningarstofnana	2015
Samráðshópur fundi tvisvar á ári. Stofnanir skiptast á að hýsa og leiða fundina. Barnamenningarfulltrúi ráðuneytis situr fundina. Fundargerðir vistaðar í málaskrá ráðuneytis.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og samráðshópur menningarstofnana	2015-2017
Málþing um stöðu menningu barna og ungmenna	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, samráðshópur menningarstofnanir	2017
Endurmat á þörf starfshópsins og ákvörðun um framhaldið	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, menningarstofnanir	2017

C: Aðrar aðgerðir

Menningarþeki (tillaga A) og samráðshópur menningarstofnana (tillaga B) skara flesta kafla menningarstefnunnar. Hér verða taldar upp þær aðgerðir sem starfshópurinn telur þurfa að grípa til en falla ekki beint undir tvö ofangreind verkefni.

I - Menningarþátttaka		
<p><i>Rík áhersla skal lögð á að efla framboð á sviði lista og menningar fyrir börn og ungmenni með öllum ráðum (sjá m.a. tillögu A um Menningarþeki). Stuðla þarf að því að öll börn og ungmenni sæki og fái notið vandaðra listviðburða og taki þátt í listsköpun bæði innan sem utan skóla. Kennarar þurfa markvissari stuðning til þess að kenna listir og menningarlæsi og styðja þarf enn frekar við útgáfu námsefnis í öllum listgreinum og listasögu í samvinnu við menningarstofnanir.</i></p>		
Aðgerð:	Ábyrgð	Tími
Auka skal vægi lista og skapandi kennsluhátta í almennri kennaramenntun í samræmi við áherslur nýrrar aðalnámskrár. (I.4, I.5)	Háskólar sem mennta kennara. (Menntavísindasvið HÍ, Listkennsludeild LHÍ og Háskólinn á Akureyri)	2015-2017
Háskólar verði hvattir til þess að bjóða upp á símenntunar/endurmenntunarnámskeið fyrir kennara þar sem lögð er áhersla á skapandi kennsluaðferðir og menningarlæsi, gjarnan í samstarfi við menningarstofnanir. (I.4, III.3)	Háskólar sem mennta kennara. (Menntavísindasvið HÍ, listkennsludeild LHÍ og Háskólinn á Akureyri), mennta- og menningarmálaráðuneyti, menningarstofnanir	2015-2017
Styðja markvisst við og gera átak í útgáfu námsefnis í listgreinum fyrir grunnskóla sem er í samræmi við nýjar áherslur í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011/2013. (I.4)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Námsgagnastofnun	2015-2017
Styðja við og hvetja til frekari uppbyggingar fjölbreyttra listnámsbrauta við framhaldsskóla. (I.4)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	2015-2017
Gera úttekt á aðbúnaði til listnáms í framhaldsskólum með tilliti til húsnæðis, stærðar nemendahópa, námsefnis og kennslu. (I.4)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samstarfi við framhaldsskóla	2016
Styðja við útgáfu námsefnis fyrir listnámsbrautir framhaldsskólastigs með áherslu á íslenskan menningararf og íslenska listasögu þvert á listgreinar. (I.4)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Námsgagnastofnun	2015-2017
Tryggja aðkomu barna og ungmenna að verkefnavali og stefnumótun í helstu menningarstofnunum, s.s. Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsinu, Sinfóníuhljómsveit Íslands o.s.frv. (I.5, I.6)	Menningarstofnanir. (Samráðshópur menningarstofnana)	2015-2017

II - Lifandi menningarstofnanir

Lifandi menningarstofnun þjónar öllum þjóðfélagshópum. Mikilvægt er að sporna gegn menningarlegri aðgreiningu og tryggja aðgengi allra barna og ungmenna að menningu, óháð aldri, búsetu og efnahag. Menningarstofnunum ber að sinna fræðsluhlutverki sínu og eiga náð samstarf við skólastofnanir á landsvísu. Dagskrá þeirra þarf að vera valkostur fyrir fjölskyldur um allt land.

Börn undir 19 ára aldri eru um 25% þjóðarinnar (Hagstofa Íslands, 2014) og ætti þjónusta allra menningarstofnana að endurspeglar það. Aðkoma barna og ungmenna að menningarstofnunum, bæði sem njóttendur og virkir þátttakendur í starfi þeirra glæðir stofnanirnar lífi og auðgar starf þeirra. Börn og ungmenni bæði geta og eiga rétt á að fá að gefa af sér inn í menningarstofnanirnar, enda eru þær þeirra til jafns við aðra.

Aðgerð:	Ábyrgð	Tími
Hver menningarstofnun setji sér barnamenningarstefnu. (II.1)	Menningarstofnanir (Samráðshópur menningarstofnana um barnamenningu)	2015
Hver menningarstofnun setji sér fræðslustefnu. (II.5)	Menningarstofnanir	2015
Greina þann hóp barna og ungmenna sem sækir menningarstofnanir, út frá aldri, kyni, félagslegri stöðu og búsetu. Sérstök áhersla skal lögð á að kanna hversu vel menningarstofnanir eru að þjóna börnum á landsbyggðinni. ⁷ (II.4)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samstarfi við menningarstofnanir.	2015-2016
Hver stofnun vinni hugmyndavinnu og aðgerðaáætlun sem miðar að því að ná til þeirra barna sem einhverra hluta vegna eru ekki í tengslum við menningarstofnanirnar. (II.4)	Menningarstofnanir	2016-2017
Allar opinberar menningarstofnanir hafi fulltrúa barnamenningar og / eða fræðslufulltrúa sem eru í virku sambandi við skólastofnanir og situr í samráðshóp menningarstofnana um menningu barna og ungmenna. (II.5) Gera þarf ráð fyrir fræðslustarfi við úthlutun fjármagns til menningarstofnana.	Menningarstofnanir mennta- og menningarmálaráðuneyti	2015
Upplýsingar um „fjölskylduvæna“ viðburði séu gerðar aðgengilegar og augljósar á heimasíðum og í öðru kynningarefni stofnana. (II.5)	Menningarstofnanir	2014-2017
Stofnanir meti kosti og galla þess að auka samstarf sín í milli um barnamenningartengd verkefni. (II.7)	Menningarstofnanir, (Samráðshópur menningarstofnana um barnamenningu)	2015-2017
Ekki verði litið framhjá yngri gestum þegar langtímastefna í húsnæðismálum menningarstofnana er gerð. Þarfir þeirra þarf að greina sérstaklega í þessu tilliti. (II.8)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Fasteignir ríkisins o.fl.	2014-2017
Möguleg stofnun barnamenningarhúss verði skoðuð til hlítar í samráði við alla mögulega hagsmunaaðila. (II.8)	Menningarstofnanir, mennta- og menningarmálaráðuneyti, BÍL, sveitarfélög, Reykjavíkurborg, stjórn Menningarpoka o.fl.	2015-2016

⁷ Í skýrslu Anne Bamford um list- og menningarfræðslu á Íslandi (Bamford, 2011) veur hún athygli á mun á aðgengi barna um landið að listfræðslu, sem gefur nokkrar vísbendingar um að svo gæti einnig verið hvað varðar aðgengi að list og menningu almennt. Skýrsla sem unnin var af starfshópi Reykjavíkurborgar um listgreinakenndu í reykviskum skólum 2009 (Starfshópur um listgreinakenndu, 2009) gefur einnig vísbendingar um mikinn mun jafnvel innan borgarinnar.

III - Samvinna í menningarmálum

Þó viljann til góðra verka skorti sjaldnast hjá opinberum aðilum hvað varðar menningu barna og ungmenna þarf þó að gæta þess að barnamenning tynist ekki í opinberri orðræðu og sérstaklega huga að því að hennar sé getið þar sem við á. Á þetta ekki síst við um menningarsamninga og aðra stefnumótandi samninga um samvinnu í menningarmálum.

Menningarpokinn (sjá tillögu A) svarar beint kalli menningarstefnu um samstarf listamanna og skóla og um áherslu á menningarlæsi.

Aðgerð:	Ábyrgð	Tími
Gæta skal þess við endurskoðun menningarsamninga ríkis og sveitarfélaga að menning fyrir börn og ungmenni sé yrt í markmiðum og árangur á því sviði metinn sérstaklega. (III.1)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Iðnaðarráðuneyti, samtök sveitarfélaga.	2014-2017
Skoðað verði hvernig bæta megi skattaumhverfið þannig að það virki hvetjandi fyrir einkaaðila til þess að styðja við menningu barna, sér í lagi viðburði sem jafna aðstöðumun barna á einhvern hátt en eru ekki líklegir til þess að standa undir sér án fjárhagsstuðnings. (III.5)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Fjármálaráðuneyti.	2015-2017
Kanna möguleikann á því að ein ráðstefna <i>Menningarlandsins</i> á allra næstu árum verði helguð menningu barna og ungmenna sérstaklega.	Ríki og sveitarfélög (Samráðshópur menningarstofnana um menningu barna og ungmenna)	2015

IV - Ísland í alþjóðasamhengi

Afar mikilvægt er fyrir íslensk börn og ungmenni að fá notið vandaðra listviðburða og menningar frá öllum heimshlutum, til mótvægis við það afþreyingarmiðaða efni sem dynur á þeim dags daglega.

Eins mikilvægt og það er að kynna íslenska menningu á alþjóðavettvangi er jafn mikilvægt að flytja inn vandaða list og menningu frá öðrum heimshlutum hvort sem er í formi hvers kyns viðburða (gestaleikja, tónleika, kvikmyndasýninga, farandsýninga), vandaðra þýðinga eða rafræns efnis. Þetta gildir ekki síst um efni fyrir börn.

Aðgerð:	Ábyrgð	Tími
Hvatt sé til og stutt markvisst við þátttöku íslenskra listamanna og annarra sem starfa í menningargeiranum í alþjóðlegum samtökum á sviði barnmenningar. (IV.2) ⁸	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	2014-2017
Átak verði gert í kynningu á íslenskri barnamenningu erlendis meðal annars með útgáfu prentaðs bæklinga á ensku til dreifingar á alþjóðlegum ráðstefnum á listahátíðum. (IV.3)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, og kynningarmiðstöðvar listgreina.	2016
Tryggja að innnan hvernar kynningarmiðstöðvar sé næg fagleg þekking til staðar til að veita stuðning og upplýsingar varðandi erlenda sjóði og gerð umsóknna á sviði lista og menningar fyrir börn og ungmenni. ⁹ (IV.3.)	Kynningarmiðstöðvar listgreina.	2015-2017
Hvatt verði og stutt sérstaklega við þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum þar sem íslensk börn og ungmenni fá innsýn í menningu annarra þjóða og víkki þannig sjóndeildarhring sinn.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kynningarmiðstöðvar listgreina o.fl.	2014-2017

⁸ Sem dæmi um slík samtök má nefna NNS (Nordisk Network for School Concerts), BIN-Norden (samtök fræðimanna sem stunda rannsóknir á sviði barnmenningar), ASSITEJ (International Association of Theatre for Children and Young People), NOBA (Nordic-Baltic dance network for young audiences), IBBY (The International Board on Books for Young People), en um fleiri samtök er að sjálfsögðu að ræða.

⁹ Þar sem enn er ekki til barnmenningarhús á Íslandi er mikilvægt að listamenn sem vinna verkefni fyrir börn og ungmenni hafi aðgang að þessari fagþekkingu einhvers staðar. Liggur beinast við að kynningarmiðstöðvarnar þjóni þessu hlutverki.

V Starfsumhverfi í menningarmálum

Starfsvettvangur á sviði barnamenningar þarf að vera raunverulegur valkostur. Til þess að svo geti orðið þarf að tryggja sjóðaumhverfið þannig að barnamenning sé ekki jaðarsett í samkeppni við aðra menningu.

Barnamenningarsjóður er í dag eini opinberi sjóðurinn sem snýr beint að menningu barna og ungmenna. Barnamenningarsjóður var stofnaður 1994 og starfar samkv. reglum nr. 594/2003. Sjóðurinn fékk 3.9 m.kr. á fjárlögum 2014 en 103 umsóknir bárust í sjóðinn að upphæð 176.531 milljón og úthlutað var einungis 2.9 milljónir til 6 verkefna. Ljóst er að gera þarf gangskör í að bæta sjóðaumhverfi barnamenningar.

Aðgerð:	Ábyrgð	Tími
Barnamenningarsjóður verði styrktur verulega í þrepum á tímabilinu og verði gefið skýrara hlutverk þar sem áhersla er á úthlutun til verkefna þar sem börn eru beinir þátttakendur. (V.1, V.2)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	2014-2017
Allir opinberir sjóðir sem styðja við menningu leggi að minnsta kosti einu sinni á tímabilinu sérstaka áherslu á barnamenningu í úthlutun og hvetji þannig samfélag listamanna til nýsköpunar á þeim vettvangi. (V.2)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	2015-2017
Kanna hversu vel starfslaunasjóðir listamanna þjóna listafólki sem sinnir barnamenningu. Kanna hvort nauðsynlegt sé að aðgreina barnamenningu í þessum sjóðum. (V.2.)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samstarfi við BÍL og/eða fagfélög listamanna	2015
Barnamenning sé orðuð í úthlutunarreglum og auglýsingum um starfslaun listamanna og um opinbera sjóði á sviði menningar. (V.2)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	2014-2017
Stutt verði markvisst við rannsóknarverkefni er lúta að menningu fyrir, eftir og með þátttöku barna og ungmenna. (V.5)	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, háskólar og rannsóknarsjóðir.	2015-2017
Í skráningu á vægi menningar í hagtölum verði haldið til haga sérstaklega tölum um menningu fyrir börn og ungmenni. (V.6.)	Hagstofa Íslands	2015-2017

VI Stafræn menning

Huga þarf að því að menningararfi þjóðarinnar sé miðlað á sem fjölbreyttastan hátt og hann gerður aðgengilegur börnum og ungmennum. Stafrænir miðlar geta verið einkar vel til þess fallnir.

Aðgerð:	Ábyrgð	Tími
Vandaðar upptökur á leiksýningum, tónleikum og öðrum menningarviðburðum ætluðum börnum verði unnar sérstaklega með það í huga að miðla til barna á afskekktari hlutum landsins.	Menningarstofnanir (listastofnanir, söfn og Ríkisútvarpið)	2014-2017
Á heimasíðum allra helstu menningarstofnana sé svæði sérstaklega helgað börnum og ungmennum þar sem miðlað er upplýsingum um stofnunina og þá starfsemi / viðburði / þjónustu sem hún býður. Viðburðum sem eru ætlaðir börnum og ungmennum skal gert sérstaklega hátt undir höfði. (VI.6)	Menningarstofnanir	2016
Finna leiðir til að bæta skráningu og aðgengi að efni og tölfræði tengdri barnameningu. (VI.2.)	Menningarstofnanir, Hagstofan, bókasöfn.	2015-2017
Styðja við verkefni þar sem unnið er með tölvuleikjaformið til þess að miðla íslenskri menningu og menningararfi.	Mennta- og menningarmálaráðuneyti, háskólar	2015-2017

5. Niðurlag

Að starfa á sviði menningar fyrir börn og ungmenni ætti að vera eftirsóknarverður og raunhæfur kostur fyrir okkar allra besta fagfólk í listum. Til þess að svo geti orðið þarf að styrkja starfsumhverfi þeirra og breikka vettvanginn. Margt í þessari aðgerðaáætlun miðar að þessu.

Skólarnir í landinu geta og eiga að gegna mikilvægu hlutverki við að jafna aðgengi barna að menningu, óháð búsetu, fjárhag og samfélagsstöðu. Þetta gera þeir bæði með því að flétta sköpun og listum á markvissan hátt inn í skólasterfið en einnig með því að opna dyr sínar fyrir listafólki og greiða leið þess inn í skólakerfið.

Tillaga um Menningarpoka er byggð á góðri reynslu nágrannaþjóða okkar af sambærilegum verkefnum. Hún byggir einnig á þeirri reynslu sem hlotist hefur hérlendis af verkefnum eins og *Tónlist fyrir alla* og *Skáld í skólum*.

Aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna er leiðarljós til framtíðar fyrir yfirvöld, menningarstofnanir og listafólk til þess að auka framboð og jafna aðgengi yngri kynslóðarinnar að menningu og listum, bæði sem njótendur og virkir þátttakendur.

6. Heimildaskrá

Art Promotion Centre Finland. *Children's Culture Policy Guidelines*. Sótt þann 12. mars 2014, af Art Promotion Centre Finland:

<http://www.taike.fi/en/web/lastenkulttuuri/policy-lines>

Bamford, A. (2011). *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Bandalag íslenskra listamanna. (2009). *Litróf listanna: Listamenn í skólum*. Reykjavík: BÍL.

Barnaheill, Umboðsmaður barna, Námsgagnastofnun. (2012). *Barnasáttmáli heildartexti*. Sótt þann 25. júní, 2014, af www.barnasattmali.is:

<http://barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

BIN (Barnekulturforskning i Norden). (2014). *BIN (Barnekulturforskning i Norden)*. Sótt þann 6. júní 2014 af BIN - Norden: www.bin-norden.org

Collard, P. (2013). *Student Participation in the Cultural Rucksack*. Creativity, Culture and Education. Oslo: Creativity, Culture and Education.

Hagstofa Íslands. (2014, júlí 3). *Hagtíðindi - Mannfjöldi*. Sótt þann 16. Júní 2014, af Hagstofa Íslands: <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=16760>

Haugsted, M. T., & Holten Ingerslev, G. (2006). *Den Kulturelle Rygsæk - Midtvejsevaluering af pilotprojekt i Herlev Kommune 2005-2006*. Danmarks Pædagogiske Universitet, Aarhus: Danmarks Pædagogiske Universitet.

Kulturpakker. (2014). *Om Kulturpakker*. Sótt þann 7. maí 2014, af Kulturpakker: <http://www.kulturpakker.dk/>

Kulturpakker. (2014). *Skolekontaktens Opgaver*. Sótt þann 7. maí 2014, af Kulturpakker: <http://www.kulturpakker.dk/opgaver.asp>

Kulturrådet. (2013). *Om Skolesekken*. Sótt þann 26. maí, 2014, af Den kulturelle skolesekken: <http://kulturradet.no/dks/om-dks>

Møller, G. A. (2014). *Kulturcrew*. Sótt þann 13. apríl 2014, af Kulturcrew: <http://kulturcrew.dk/>

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar. (2014). *Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2020*. Reykjavík: Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Menningarstefna*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Norsk Kulturskoleråd. (2011). *Kulturarrangør (KultArr)*. Sótt þann 10. mars 2014, from Kulturskolerådet: <http://www.kulturskoleradet.no/vi-tilbyr/program-prosjekt/kulturarrangor-kultarr/>

Norðurlandahúsið í Færeyjum. (2014). *Listaleyapurin*. Sótt þann 8. mars 2014, from Norðurlandahúsið í Færeyjum: <http://www.nlh.fo/Default.aspx?pageid=9034>

Starfshópur um listgreinakennslu. (2009). *Listgreinakennsla í grunnskólum Reykjavíkur*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.